

16. nóvember 2016

Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

## Minnkandi velta fataverslunar í október

Velta í fata- og skóverslun dróst saman í október síðastliðnum í frá sama mánuði í fyrra þó svo að verð á fötum hafi verið 5,9% lægra en fyrir ári. Ef borin er saman velta í fataverslun síðustu þrjú mánuði við sömu þrjú mánuði í fyrra sést að nánast engin breyting var á veltunni á milli ára. Vert er að minnast þess að um síðustu áramót voru felldir niður tollar af fötum sem hvati til aukinnar sölu á fötum hér innanlands. Þannig var ætlunin að sporna gegn þeirri þróun að Íslendingar sem ferðist til annarra landa kaupi í miklu magni föt í útlöndum og fataverslunin flyttist heim í staðinn.

Á þessu ári hefur gengi íslensku krónunnar styrkst verulega og þar með er hagstæðara fyrir landsmenn að versla erlendis núna en í fyrra. Enda var greiðslukortavelta Íslendinga erlendis í október síðastliðnum 19% meiri en í október í fyrra, sem gefur vísbendingu um að aukning hafi verið innkaupum landsmanna erlendis. Líklega eru fatakaup þar innifalin.

### Dagvara og heimili

Áframhaldandi aukning var í sölu annarra vöruflokka í október. Þannig jókst sala í dagvöruverslun um 4,3% frá október í fyrra. Sala dagvöru síðastliðna þrjú mánuði var 7,3% meiri en á sama tímabili í fyrra.

Heimilin endurnýja húsgögnin fyrir jólin. Í október jókst sala húsgagna um 19,2% frá sama mánuði og í fyrra. Þar af jókst velta sérverslana með rúm um 23,5% frá því í fyrra. Þegar borin er saman velta húsgagna síðustu þriggja mánaða við sömu mánuði í fyrra jókst veltan um 26%. Sór heimilistæki, líkt og kæliskápar og þvottavélar, njóta einnig aukinna vinsælda í aðdraganda jóla. Sala á slíkum tækjum jókst um 13,5% frá október í fyrra.

### Gólfefni

Nú er í fyrsta sinn birt veltuvísitala gólfefna. Vísitalan byggir á veltutölum frá flestum sérverslunum í landinu með gólfefni, auk byggingavöruverslana og annarra sem verslana sem selja gólfefni. Velta gólfefna jókst um 33,8% í október í samanburði við sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðlagsbreytingum reiknast aukningin á milli ára vera 32,5%.

Stefnt er að því að bæta við enn fleiri flokkum byggingavöru á næstunni. Í töflunni sem hér fylgir er gólfefni undirflokkur byggingarvara.

### Erlend kortavelta

Íslensk verslun nýtur góðs af auknum kaupmætti og vaxandi einkaneyslu. Jafnframt er ljóst að aukinn straumur erlendra ferðamanna hefur nokkur áhrif á verslun. Í október síðastliðnum var heildargreiðslukortavelta erlendra ferðamanna 17,5 milljarðar króna sem er 67,1% hærrí upphæð en í október í fyrra.

október 2016	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Árstíðaleiðrétt fast verðlag	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	-1,3%	4,3%	-0,4%	4,7%	0,0%	6,9%
Áfengi*	-10,2%	11,4%	-10,2%	10,9%	-8,5%	10,1%
Föt	-3,6%	-7,1%	-2,9%	-1,3%	-5,7%	0,9%
Skór	-4,2%	-8,6%	-5,6%	-4,9%	-9,6%	-5,6%
Húsgögn	10,4%	19,2%	9,8%	17,0%	4,6%	15,9%
Byggingavörur	-10,4%	12,2%	-10,4%	11,9%		
Gólfefni	3,1%	33,8%	3,3%	32,5%		
Hvít raftæki	-6,9%	13,5%	-6,8%	15,2%	2,1%	16,1%
Brún raftæki	2,6%	4,7%	4,1%	11,5%	0,3%	11,7%
Farsímar	31,2%	-1,2%	32,0%	9,9%	3,3%	7,6%
Tölvur	-19,5%	-1,4%	-17,9%	6,3%	0,1%	6,3%

\* 1. janúar 2016 var áfengi fært í neðra þrep VSK en áfengisgjald hækkað. Í töflunni eru sýndar breytingar á veltu án VSK og þarf því að túlka tölur með tilliti til þessarar kerfisbreytingar

### [Talnaefni](#)

#### Veltuvísitala eftir vöruflokkum

Velta í dagvöruverslun jókst um 4,3% á breytilegu verðlagi í október miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 4,7% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í október um 6,9% frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru lækkaði um 0,4% á síðastliðnum 12 mánuðum og var í október 0,9% lægra en í mánuðinum á undan.

Sala áfengis jókst um 11,4% á breytilegu verðlagi í október miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 10,9% á föstu verðlagi. Verð á áfengi var 0,5% hærra í október síðastliðnum og 0% lægra en í mánuðinum á undan. Þess ber að geta að 1. janúar 2016 var áfengi fært í neðra þrep VSK en áfengisgjald hækkað. Í gögnum sem hér er stuðst við eru sýndar breytingar á veltu án

VSK og þarf því að túlka tölur með tilliti til þessarar kerfisbreytingar

Fataverslun dróst saman um 7,1% í október miðað við sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og dróst saman um 1,3% á milli ára á föstu verðlagi. Verð á fötum var 5,9% lægra í október síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Velta skóverslunar minnkaði um 8,6% í október á breytilegu verðlagi og minnkaði um 4,9% á föstu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum minnkaði skósala um -5,6% frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi. Verð á skóm lækkaði í október um 3,9% frá október í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 19,2% meiri í október en í sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og jókst um 17% á föstu verðlagi. Velta sérsverslana með rúm jókst um 23,5% frá því í fyrra á breytilegu verðlagi. Velta sérsverslana með skrifstofuhúsgögn jókst um 16,5% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum hefur hækkað um 1,9% á síðustu 12 mánuðum.

Verslun með byggingavörur jókst í október um 12,2% á breytilegu verðlagi og jókst um 11,9% á föstu verðlagi. Verð á byggingavöru er 0,3% herra en fyrir tólf mánuðum síðan.

Velta í sölu á tölvum minnkaði í október um 2,8% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra og farsímasala dróst saman um 34,3%. Sala minni raftækja, svokallaðra brúnvara, jókst um 4,7% á breytilegu verðlagi en sala stærri raftækja, svokallaðra hvítvara, jókst um 13,5% á milli ára.

*Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson arni@bifrost.is og í síma 868-4341*